

Nd.

122. Frumvarp

til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá mentamálanefnd.

1. gr.

Í heimspekisdeild Háskóla Íslands skal auk þriggja prófessora vera einn dócent. Dócentinn kennir sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju, með sjerstöku tilliti til sambands hennar við aðrar germanskar tungur.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1922.

Greinargerð.

Aukakennarinn í gotnesku, engilsaxnesku og germönskum fræðum við háskólann hefir farið þess á leit, að dócentsembætti það, er ræðir um í frumvarpi þessu, verði stofnað.

Að fengnum meðmælum heimspekisdeildar hefir háskólaráðið lagt það til, að embættið verði stofnað. Tekur háskólaráðið það fram, að kensla í íslenskri bókmentasögu og ritskýring sje ærinn starfi fyrir aðalkennarann í íslenskum fræðum.

Fyrirkomulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi engan aukinn kostnað hafa í för með sjer fyrir rikissjóð, þar sem kennari sá, sem ætlast er til að verði dócent, hefir nú, samkvæmt fjárveiting Alþingis, að launum fyrir aukakenslu við háskólann upphæð, sem er jafnhá dócentslaununum.

Frekari grein verður gerð í framsögu. Kenslumálaráðherra hefir hana á hendi, því að hann hefir samið frv. og greinargerðina, en nefndin ber málið fram fyrir hann.